

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna skal umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. sem berst Þjóðskrá í síðasta lagi 25. mars 2009 gilda frá dagsetningu bréfs hennar um að umsækjandi skuli tekinn á kjörskrá. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna.

Fullnægjandi umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem berst Þjóðskrá eftir 25. mars 2009 gildir frá 1. desember 2009.

Umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem barst Þjóðskrá eftir 1. desember 2008 og var fullnægjandi skal nú gilda frá gildistöku þessa ákvæðis. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna. Þjóðskrá tilkynnir umsækjanda þessa breytingu og hlutaðeigandi sveitarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi 1. desember 2009.

Greinargerð.

Í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, var ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar misstu kosningarrétt sinn hér á landi við fasta búsetu erlendis lengur en fjögur ár. Þá var viðmiðunardagur kjörskrár 1. desember. Með lögum árið 1989 var fjögurra ára tímabilið lengt í átta ár og þeim gert kleift sem óskuðu að vera áfram á kjörskrá eftir það miðað við 1. desember ár hvert eftir að umsókn var lögð fram. Skilyrði var að umsækjandi væri enn íslenskur ríkisborgari. Sá sem tekinn var á kjörskrá samkvæmt umsókn átti þannig kosningarrétt í fjögur ár og gat þá endurnýjað réttinn til næstu fjögurra ára og síðan koll af kalli. Árið 1991 var kosningalögunum breytt þannig að hætt var að miða kjörskrá við 1. desember og viðmiðunardagur færður nær kjördegi. Fyrst var miðað við íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag, þá fimm vikum og að lokum var viðmiðunardagurinn hafður þremur vikum fyrir kjördag. Viðmiðunardagurinn var svo færður aftur í fimm vikur þegar Reykjavík var skipt í tvö kjördæmi árið 2000 svo landskjörstjórn hefði ráðrúm til að ákveða hvar mörkin skyldu verða milli þessara kjördæma hverju sinni. Allan þennan tíma hefur gildistími ákvörðunar um að einhver skuli tekinn á kjörskrá eftir meira en átta ára búsetu erlendis verið 1. desember eftir að umsókn var lögð fram.

Tæplega tuttugu ára reynsla er komin á framkvæmdina samkvæmt ákvæðinu og hefur gefist vel að miða við 1. desember ár hvert. Hagræði er í því fyrir íslenska ríkisborgara, sem hafa lengi verið búsettir erlendis, að miða gildistíma umsóknar um kosningarrétt við tiltekna dagsetningu, sem þeir þekkja frá fyrri tíð, í stað þess að hafa hana breytilega frá einum tíma til annars. Viðkomandi á þá auðveldar með að muna hvenær hann þarf að sækja um aftur til að vera áfram á kjörskrá. Þetta leiðir hins vegar til þess að bregðast þarf við með sérstökum hætti, ef þurfa þykir, þegar boðað er til kosninga á miðju reglulegu kjörtímabili.

Samkvæmt nýju ákvæði til bráðabirgða verður leyst úr vandasamri stöðu íslenskra ríkisborgara sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár og sækjast nú eftir að komast á kjörskrá. Samkvæmt almennu ákvæði í 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. laga um kosningar til Alþingis hefðu þeir ekki öðlast kosningarréttinn fyrir en frá 1. desember 2009. Með frumvarpinu er komið til móts við hagsmuni tveggja hópa: Annars vegar þeirra sem búsettir eru erlendis og hafa sent fullnægjandi umsókn eftir 1. desember 2008 og hafa nú fengið bréf Þjóðskrár um að þeir eigi kosningarrétt frá 1. desember 2009. Þeir fá nú kosningarréttinn frá gildistöku þessa ákvæðis og geta því kosið við þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru í vor. Í öðru lagi tekur frumvarpið á hagsmunum þeirra íslensku ríkisborgara sem búsettir hafa verið lengur en átta ár erlendis en hafa ekki enn sent Þjóðskrár umsókn um að verða teknir á kjörskrá. Nú munu þeir eiga þess kost að senda inn fullnægjandi umsóknir og öðlast kosningarrétt í tæka tíð. Þjóðskrá mun tilkynna hlutaðeigandi umsækjendum um þessar breytingar og kosningarrétt þeirra, sem og hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Rétt þykir að taka fram að kosningarrétturinn, sem menn geta öðlast samkvæmt umsókn ef frumvarp þetta verður samþykkt, gildir til 1. desember 2009 og áfram í fjögur ár skv. 2. gr. kosningalaga. Þetta þýðir að kjósandi heldur kosningarrétti sínum til 1. desember 2013. Til þess að vera áfram á kjörskrá eftir það verður kjósandi að sækja um aftur til Þjóðskrár eftir 1. desember 2012, sbr. 1. mgr. 2. gr. kosningalaga.

Ef boðað verður til kosninga til stjórnlagabings eða þjóðfundar utan kosninga til Alþingis fyrir 1. desember 2009 og 2. gr. kosningalaga verður beitt við þær kosningar munu þeir sem teknir verða á kjörskrá í síðasta lagi 25. mars 2009 enn fremur njóta góðs af breytingunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis skuli teknir á kjörskrá ef þeir leggja fram fullnægjandi umsókn um kosningarrétt í síðasta lagi 25. mars 2009. Öðlast þeir þá réttinn til að kjósa við þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru á vori komanda. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. kosningalaga.

Kosningarrétturinn fæst með þessu ákvæði ef umsókn berst Þjóðskrár fyrir miðnætti að íslenskum tíma hinn 25. mars 2009. Umsækjendur eiga þess nú kost, sem hingað til, að sækja eyðublað á vefsetri Þjóðskrár: <http://www.thjodskra.is/eydublod/>. Eyðublaðið þarf að fylla út og undirrita eigin hendi. Útfyllt og undirritað eyðublað má senda til Þjóðskrár með pósti, símbréfi eða sem skannað viðhengi í tölvupósti en mikilvægt er að það berist á áfangastað áður en frestur er liðinn. Að öðrum kosti gildir fullnægjandi umsókn sem berst eftir að frestur er liðinn frá 1. desember 2009.

Íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis og höfðu þegar sent fullnægjandi umsókn um kosningarrétt, sem átti að gilda frá 1. desember 2009, öðlast á sama hátt kosningarrétt fyrir þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru í vor. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. kosningalaga. Þjóðskrár tilkynnir umsækjendum þessa breytingu og hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða skv. 1. gr. er tímabundið vegna alþingiskosninga sem fyrirhugaðar eru í vor. Er með því verið að veita umsækjendum kost á því að verða teknir á kjörskrá sem þeir hefðu annars ekki haft samkvæmt gildandi lögum og greiða atkvæði við alþingiskosningar.

Af þessum sökum er eðlilegt að hafa sólarlagsákvæði í lögnum og fellur ákvæðið til bráðabirgða því brott þegar hefðbundinn frestur skv. 2. gr. kosningalaganna kemur á ný til framkvæmdar, þ.e. 1. desember 2009.